

Góður árangur við krefjandi aðstæður

Þrátt fyrir heimsfaraldur og sveiflur á mörkuðum hélst ávöxtun LSR góð

Afkoma LSR á árinu 2020 var afar góð þrátt fyrir krefjandi aðstæður, en nafnávöxtun sjóðsins var 14,9% og hrein raunávöxtun 10,9%. Heildareignir LSR voru um 1.168 milljarðar króna í árslok og voru hreinar fjárfestingartekjur um 152 milljarðar króna á árinu.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu fimm ára var 6,4% og síðustu tíu ára 6,5%. Ef litið er til einstakra deilda var hrein raunávöxtun A-deildar 10,6% á árinu, B-deildar 12% og hjá Séreign LSR var Leið I með 13,3% raunávöxtun, Leið II með 8,3% og Leið III með 0,6%.

Fimmtungur alls lífeyriskerfisins

LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins, en eignir sjóðsins nema u.þ.b. fimmtungi af heildareignum allra íslenskra lífeyrissjóða. Til samanburðar má einnig nefna að heildareignir sjóðsins við árslok jafngiltu um 40% af vergri landsframleiðslu síðasta árs. Á árinu greiddi sjóðurinn lífeyri til 27.094 sjóðfélaga að meðaltali og námu greiðslurnar alls rúmum 68,9 milljörðum króna. Þá greiddu að meðaltali 32.837 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins á árinu.

Góð ávöxtun

Miklar verðsveiflur voru á mörkuðum á síðasta ári og setti óvissan af völdum heimsfaraldursins mark sitt á árið í heild. Engu að síður skiluðu jafnt erlend sem innlend hlutabréf í eigu LSR góðri ávöxtun. Við lok ársins var verðbræfaeign sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum 40,9%, en innendar eignir námu 59,1%.



Aukin stafræn þjónusta

Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 settu mark sitt á þjónustu LSR á árinu en loka þurfti afgreiðslu sjóðsins í tvígang vegna hertra aðgerða sóttvarnaryfirvalda. Stór hluti starfsfólks LSR sinnti jafnframt vinnu að heiman um margra mánaða skeið.




Starfsfólki tókst að halda allri starfsemi sjóðsins og þjónustu við sjóðfélaga gangandi í gegnum samskipti um síma og netið. Þjónusta á vef sjóðsins, lsr.is, var jafnframt aukin á árinu, sem auðveldaði bæði sjóðfélögum að sækja þjónustu og starfsfólki að veita hana. Sem dæmi var á árinu byrjað að veita sjóðfélögum rafrænt greiðslumat á Mínum síðum, auk þess sem í nóvember var byrjað að bjóða upp á rafrænar lánaumsóknir á vefnum.

Lausnir sem þessar bæta bæði þjónustu við sjóðfélaga og auka skilvirkni í starfsemi sjóðsins. Stefna sjóðsins er að auka vægi slíkra stafrænna lausna og því mun verða unnið að áframhaldandi þróun á því sviði á komandi misserum.

Launahækkun með Séreign LSR

Það er réttur hvers launþega að greiða í séreignarsparnað. Þegar það er gert eykur launagreiðandinn mánaðarlegar greiðslur um 2% sem renna í séreignarsparnaðinn ásamt framlagi launþegans. Það er bein launahækkun til þín, sem nýtist til að hækka lífeyrisgreiðslur umtalsvert í framtíðinni.

Í dæminu hér til hliðar má sjá hvernig séreignarsparnaður af 500.000 kr. launum getur orðið mjög stór hluti af lífeyrisgreiðslum. Séreign má líka nýta í fleira, eins og t.d. kaup á fyrstu fasteign. Þetta gæti ekki verið einfaldara, kynntu þér málið á lsr.is og sæktu um á Mínum síðum til að nýta þér frábæra kosti Séreignar LSR.



Dæmi: M.v. 500.000 kr. laun/mán, frá 25 ára aldri, 3,5% ávöxtun, engar greiðslur inn á lán, starfslok við 67 ára aldur og 10 ára útborgunartímabil.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	35.784	1.689	1.175	38.648
Lífeyrishækkunar	0	22.232	0	22.232
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldb.	0	8.096	0	8.096
Lífeyrir	(11.064)	(57.177)	(706)	(68.946)
Hreinar fjárfestingartekjur	108.392	41.223	2.134	151.749
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(831)	(566)	(17)	(1.414)
Hækkun á hreinni eign á árinu	132.281	15.497	2.587	150.364
Hrein eign frá fyrra ári	729.491	268.540	19.490	1.017.521
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	861.771	284.037	22.077	1.167.886

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2020

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	122.129	47.226	6.540	175.894
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	315.356	100.845	4.959	421.161
Ríkisskuldabréf	167.932	59.698	684	228.314
Útlán til sjóðfélaga	99.725	25.187	0	124.913
Önnur skuldabréf	122.929	36.987	399	160.316
Bankainnistæður	31.020	15.633	9.513	56.166
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	3.291	439	11	3.741
Skuldir	(612)	(1.978)	(30)	(2.620)
Hrein eign til greiðslu lífeyris	861.771	284.037	22.077	1.167.886

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Kennitölur 2020

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Samtals
Nafnávöxtun	14,6%	16,1%	17,3%	12,1%	4,2%	14,9%
Hrein raunávöxtun	10,6%	12,0%	13,3%	8,3%	0,6%	10,9%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	6,4%	6,8%	7,0%	5,4%	1,7%	6,4%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	6,2%	6,9%	6,3%	5,4%	1,9%	6,5%
Verðbræfaeign í íslenskum krónum	59,7%	60,1%	53,6%	77,8%	100,0%	59,1%
Verðbræfaeign í erlendum gjaldmiðlum	40,3%	39,9%	46,4%	22,2%	0,0%	40,9%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	28.330	1.493	942	654	1.448	32.837
Meðalfjöldi lífeyrisþega	9.172	17.664	69	37	152	27.094
Skrifst. og stjórnunarkostn. í % af meðalstöðu eigna	0,10%	0,20%	0,09%	0,09%	0,07%	0,13%


Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2020

	A-deild
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	146.804
Hrein eign í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	22,5%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	(2.176)
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-0,2%

Fjárhæðir eru í milljónum króna


Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna




Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



Verðbræfaeign 2020



Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður,
Guðrún Ögmundsdóttir, varaformaður,
Áslaug María Friðriksdóttir,
Guðmundur Árnason,
Ragnar Þór Pétursson,
Unnur Pétursdóttir,
Viðar Helgason,
Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir